



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Guðjón Axel Guðjónsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. maí 2006

Tilvísun: 2006040023

Efni: Umsókn frá Eyvindartungu ehf. um virkjunarleyfi fyrir virkjun í Brúará í Biskupstungum.

Með bréfi dagsettu 10 apríl 2006 óskar iðnaðarráðuneytið eftir umsögn Orkustofnunar um téða umsókn. Með bréfinu fylgdu eftirfarandi gögn: Umsókn frá umsækjanda, Hluti af skýrslu frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen frá 1962; Efri Brúará - mat á virkjunaraðstöðu, sem unnin var fyrir raforkumálaskrifstofuna (Maí 1962), og tilkynningu til Skipulagsstofnunar til að fá úrskurð um matsskyldu.

Orkustofnun hefur farið yfir gögn umsækjanda og borið saman við leiðbeiningar um gögn sem fylgja þurfa umsókn; <http://os.is/page/umsoknir>, sbr.:

1. Upplýsingar um umsækjanda
2. Úr niðurstöðum rannsókna er einkum óskað eftir eftirfarandi:
 - Gera grein fyrir rennslisgögnum og úrvinnslu þeirra
 - Gera grein fyrir ráðgjöfum (upplýsingar frá þeim um menntun og reynslu)
 - Gera grein fyrir helstu hönnunarforsendum
 - Rannsóknir vegna úrskurðar um MÁU og/eða vegna MÁU
3. Lýsing virkjunar
 - Lýsing á virkjun
 - Kennitölur virkjunar (3. viðauki; tafla eða listi)
4. Framkvæmdaáætlun
5. Fjármögnun
6. Tengisamningar
7. Samningar við landeigendur og vatnsréttarhafa
8. Stjórnvaldsniðurstöður um MAU og/eða staðfest skipulag.
9. Upplýsingar um önnur leyfi og hver er staða öflunar þeirra.

Um flest atriðin eru greinargóðar upplýsingar, en niðurstöður um mikilvæga þætti liggja enn ekki fyrir. Þessir þættir varða samninga um tengingu við raforkukerfi, samninga um landsréttindi og niðurstöðu um það hvort fyrirhuguð framkvæmd skal háð skilyrðum mats á umhverfisáhrifum. Orkustofnun telur ótímabært að veita umsögn fyrr en nauðsynleg gögn liggja fyrir.

Með kveðju

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir

